

Verklagsregla um lagalegar kröfur og aðrar kröfur

1 TILGANGUR OG GILDISSVIÐ

Þessi verklagsregla tengist HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis Menntaskólans á Akureyri. Tilgangur verklagsreglunnar er að bera kennsl á viðeigandi lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem eiga við um jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri.

2 ÁBYRGÐ

Fjármálastjóri ber ábyrgð á verklagsreglunni. Fjármálastjóri sér um að unnið sé eftir henni og ber ábyrgð á því hverju sinni að lagalegar kröfur og aðrar kröfur sem Menntaskólinn á Akureyri undirgengst vegna jafnlaunakerfisins séu yfirfarnar reglulega.

3 FRAMKVÆMD

Það er á ábyrgð fjármálastjóra að ákvarðað sé hvaða lagalegu kröfur og aðrar kröfur eiga við og hann ber ábyrgð á að viðhalda lista yfir lagalegar og aðrar kröfur (sjá **Lagalegar kröfur og aðrar kröfur**).

Allar gildandi lagalegar kröfur sem eiga við starfsemi Menntaskólans á Akureyri má finna t.d. á heimasíðu Alþingis, www.althingi.is og reglugerðarvef dómsmálaráðuneytisins, www.reglugerd.is.

Fjármálastjóri yfirfer hvort breytingar hafi orðið á lögbundnum kröfum og öðrum kröfum og kannar hvort nýjar kröfur hafi komið fram, að lágmarki einu sinni á ári. Allar breytingar á lagalegum kröfum og öðrum ytri kröfum sem geta haft áhrif á jafnlaunakerfið eru skráðar í **Lagalegar kröfur og aðrar kröfur**. Yfirferð er staðfest með því að skrá dagsetningu og nafn þess sem fer yfir kröfurnar á lista yfir lagalegar kröfur og aðrar kröfur.

Fjármálastjóri sér um rekstur og innri þjónustu, metur áhrif breytinga sem verða á lagalegum kröfum og öðrum kröfum á jafnlaunastefnuna og upplýsir aðra stjórnendur um þær breytingar sem geta haft áhrif á jafnlaunakerfið. Stjórnendur meta hvort breyttar kröfur geti haft áhrif á jafnlaunakerfið í rýni stjórnenda.

4 TILVÍSANIR

Kaflar staðalsins ÍST85:2012:

4.3.2 Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

4.5.2 Mat á hlítingu

Verklagsregla um lagalegar kröfur og aðrar kröfur

Skjöl og skrár sem tengjast þessum kafla og vistuð á sharepoint svæði stjórnenda:
Lagalegar kröfur og aðrar kröfur

Skjöl í gæðahandbók:
HB-0024 Handbók jafnlaunakerfis
SS-0008 Jafnlaunastefna Menntaskólans á Akureyri

5 BREYTINGAR